

# Starfsmannasamtal 2021-2022

Regluleg og vel ígrunduð samtöl starfsmanns og stjórnanda eru til þess fallin að efla samskipti og ræða gagnkvæmar kröfur og væntingar. Samtölunum er ætlað að hvetja starfsfólk til þátttöku við mótun á eigin starfsþróun og starfsumhverfi.

Tilgangur og markmið starfsmannasamtala er meðal annars að:

- tryggja að mannauður Grunnskólans á Þórshöfn sé sem best nýttur
- ræða verkefna- og ábyrgðarsvið starfsmanns
- skilgreina styrkleika og færni starfsmanns
- ræða frammistöðu starfsmanns
- efla þjónustu við nemendur skólans
- ræða vinnuaðstæður og starfsskilyrði
- stuðla að aukinni starfsánægju
- ræða þörf fyrir stuðning og endurmenntun
- vera almenn hvatning í starfi

Nauðsynlegt er að allir mæti vel undirbúnir í starfsmannasamtalið. Það þýðir að allir þurfi að gefa sér tíma í sjálfsskoðun, meta sterkar hliðar og tækifæri til úrbóta. Hvernig er fyrirmyndar starfsmaður og fyrirmyndar kennsla?

Gagnkvæms trúnaðar verður gætt um allt sem fram kemur í þessari könnun sem og samtalinu sjálfu. Eyðublöð sem notuð eru í samtalinu verða meðhöndluð sem trúnaðargögn.

\* Áskilið að svara

\* Required

1. Nafn \*

2. Heilt yfir - hvernig finnst þér skólaárið hafa gengið á kvarðanum 1 - 5 þar sem 5 er best? \*

1    2    3    4    5  
           

3. Rökstuðningur fyrir svári \*

4. Hverjir eru helstu styrkleikar þess teymis sem þú tilheyrir? \*

5. Hvað mætti betur fara í samstarfi þíns teymis og hvað þarf til að svo geti orðið? \*

6. Ertu ánægð/ánægður með fundaskipulagið eins og það er eða myndirðu vilja hafa það öðruvísi? Hvernig? (Starfsmannafundur - Teymisfundir - aðrir fundir) \*

7. Vinnur þú markvisst með upplýsingatækni þvert á námsgreinar? Hvernig? Ef ekki, hvers vegna ekki? \*

8. Hvernig gengur þér að nýta aðferðir Jákvæðs aga í starfi þínum með nemendum og hvað nýtirðu helst? \*

9. Hverjir eru þínir helstu styrkleikar og hvernig finnst þér þeir nýtast í starfi? \*

10. Hvers konar verkefni í vinnunni gefa þér mest? \*

11. Hverjar eru helstu áskoranir í starfinu? \*

12. Er eitthvað í vinnuumhverfinu sem þér finnst draga úr afköstum þínum í starfi og hvað er það þá? \*

13. Hver hefur helsti árangur þinn verið í starfinu í vetur? Hverju ertu stoltust/stoltastur af? \*

14. Hvernig gengur þér að koma til móts við ólíka nemendur og bæta líðan þeirra og árangur? \*

- Mjög vel
- Ágætlega
- Þyrfti að ganga betur
- Annað:

15. Ef þú svaraðir Ágætlega eða Þyrfti að ganga betur; hvað þarf helst til að það gangi betur? Hugaðu bæði að innri þáttum (ég sjálf/sjálfur) og ytri þáttum (e-ð í umhverfinu, skipulagi o.þ.h.)

16. Hvernig líður þér í vinnunni almennt? (7 er best) \*

1    2    3    4    5    6    7  
                 

17. Ef þú merktir við tölu undir 6, hvað þarf til að hækka þig á þessum skala?

18. Telur þú þig fá þann stuðning sem þú þarft í vinnunni? Berðu þig eftir honum? \*

19. Hvernig gengur samstarf og samskipti við samstarfsfólk? \*

20. Hvernig gengur samstarf og samskipti við foreldra og nemendur á vettvangi skólstarfs? \*

21. Nefndu þrennt sem þarf að gera betur í skólanum að þínu mati og þrennt sem er vel gert í Grunnskólanum á Þórshöfn. \*

22. Hverjar eru þínar helstu óskir um starfspróun? \*

23. Hvar sérðu sjálfan þig eftir 5 ár - út frá faglegu sjónarhorni? Hver er þín framtíðarsýn?  
\*

24. Hvernig sérðu fyrir þér næsta skólaár hvað þig varðar? \*



25. Annað sem þú vilt að komi fram varðandi skólastarfið eða vinnustaðinn.

26. Ég óska eftir starfsmannaviðtali við stjórnanda \*

- Nei, nægir að svara könnuninni
- Já

---

This content is neither created nor endorsed by Microsoft. The data you submit will be sent to the form owner.

 Microsoft Forms